

Vestfirsk leiklist

ÍSÁFJÖRÐUR

UPPHAFIÐ




Ísafjörður 1875-1877. Kirkjan og Eyrartún í forgrunni.



Guðjón og Einar Hálfðanarsynir og Kristín Ólafsdóttir, kona Einars.

Fyrstu leiksýningar sem vitað er um á Ísafirði fóru fram á sjötta áratug nítjándu aldar. Um jóln 1856 var gamanleikur Sigurðar Péturssonar sýslumanns (1759-1827), *Hrólfur*, leikinn þar. Ekki er vitað með vissu hvar var leikið þá, en veturinn 1858-59 var leikið í kirkjunni sem þá var í smíðum. Einn af forsprökkum þess gamans var kirkjusmiðurinn Einar Hálfðanarson. Svo vel vildi til að hann var sonur prestsins, séra Hálfðanar Einarssonar.

Þéttbýlisstöðum óx mjög fiskur um hrygg á nítjándu öld, þó að eiginlegt blómaskeið þeirra hæfist ekki fyrr en á þeirri tuttugustu. Ísafjörður var engin undantekning frá því. Um aldamótin 1900 var þar stærsta og öflugasta útgerðar- og verslunarfyrirtæki landsins, auk margra fyrirtækja í göðum rekstri. Árið 1850 voru íbúar í Eyrarsókn um 350, tíu árum síðar voru þeir orðnir rúmlega 500 og um aldamótin 1900 voru nær 2000 manns í Skutulsfirði, þar af 1300 í kaupstaðnum og á skipum í höfninni.



Pakkhús Th. Thorsteinssonar. Þar var leikið 1880-1881.

Alls staðar þar sem fólk hnappaðist saman á þessum árum var efnt til leiksýninga. Svo var einnig á Ísafirði. Leikirnir fyrir 1860 urðu þó ekki upphaf samfelldrar leikstarfsemi. Ísfrskt leikstarf var lengi slitrótt, en upp úr 1890 var þó stofnað leikfélag, sjónleikafélag, í bænum og starfaði það nokkra hríð.

Skugga-Sveinn Matthíasar Jochumssonar varð sannkallaður þjóðarleikur Íslendinga á nítjándu öld og langt fram eftir þeirri tuttugustu. Hann var frumsýndur í elstu gerð sinni, sem nefndist *Útilegumennirnir*, í Reykjavík árið 1862 og síðan leikinn um land allt. Í Ísafjarðarkaupstað var hann fyrst leikinn árið 1879 í pakkkhúsi Ásgeirsverslunar í Miðkaupstað. Þá var almenningi í fyrsta skipti seldur aðgangur að leiksýningu á Ísafirði.



Guðmundur Pálsson beykir í hlutverki sínu sem Bjarni bóndi á Hellum í *Lénharði fögeta* eftir Einar H. Kvaran 1928 í leikstjórn Haraldar Björnssonar. Guðmundur lék bæði Grasa-Guddu og Galdra-Héðin í fyrstu uppfærslu *Skugga-Sveins* á Ísafirði og var síðan í áratugi einn vinsælasti leikari bæjarins.



Leikhópur frá Hesteyri í Jökulfjörðum í leikferð með *Skugga-Svein*.

Skömmu síðar var sýndur í Ásgeirspakkhúsi annar leikur sem frægur hefur orðið í ísfrskri leiksögu. Hann heitir *Gétion* og var hann saminn til að kveða niður þann ósið, sem lengi var landlægur í bænum, að uppnefna menn. Nafnið visar til Jóns Jónssonar, smíðs frá Geitareyjum, sem þótti sérlega slæmur með uppnefningar.



Ásgeirsverslun. Leikið var í Ásgeirspakkhúsi og stendur það enn og er nú íbúðarhús (Aðalstræti 13). Einnig var leikið í húsi Torfa Thorgrímsen (Mjallargata 5).



LEIKMINJASAFN ÍSLANDS

Vestfirsk leiklist

ÍSÁFJÖRÐUR

GÓÐTEMPLARAR GERA BYLTINGU

Bindindishreyfing sú, sem hófst um miðjan níunda áratug nítjándu aldar undir merkjum Góðtemplara, er ein mesta byltingarhreyfing Íslandssögunnar. Hún beindist að sjálfsgöðu einkum gegn áfengisbólinu sem lá eins og mara á þjóðinni, en áhrif hennar urðu miklu viðtækari. Í stúkunum starfaði saman fólk af öllum stéttum, karlar og konur. Það var nýjung í íslenskrí félags sögu. Í stúkunum lærði sundruð þjóð að vinna saman eftir settum reglum að góðum og gagnlegum markmiðum og upp úr þeim jarðvegi óx félaga- starfsemi síðari tíma að verulegu leyti.

Á Ísafirði líkt og víða annars staðar voru það góðtemplarar sem reistu fyrstu almennu samkomuhúsin. Hér voru það góðtemplara- stúkurnar Áróra og Dagstjarnan sem reistu samkomuhús árið 1885. Það var árið eftir að fyrsta stúkan var stofnuð á Akureyri árið 1884 og árið áður en Stórstúka Íslands, heildarsamtök góðtemplarahreyfingarinnar á Íslandi, var stofnuð í Reykjavík. Húsið þótti hið glæsilegasta: yfir salardyrum trónuðu landvættirnar, en innsti hluti salarins var afmarkaður með pílurum og var þar leikið. Þetta hús stendur enn og er nú skátaheimili.

Stúkuhúsin urðu fleiri. Mest þeirra var Góðtemplarahúsið sem var vígt árið 1906. Það var aðalleikhús Ísafirðinga til 1930 er það brann til grunna. Góðtemplarahúsið var mjög vel búið leikhús, ef til vill hið besta á landinu. Hinn þjóðkunni leikari Brynjólfur Jóhannesson leikari, sem steig þar sín fyrstu spor á sviði, segir í endurminningum sínum að það hafi verið mun betra leikhús en lónó í Reykjavík þar sem hann lék mestallan starfsferil sinn.

ÞRÍR ELDHUGAR



Björn Pálsson.

Alls staðar þar sem leiklistin festi rætur voru það fáeinir einstaklingar sem hvöttu aðra til dáða og báru gjarnan sjálfir hitann og þungann af starfinu. Á Ísafirði voru það þrír menn sem á árunum í kringum aldamótin 1900 gegndu öðrum fremur þessu hlutverki. Það voru þeir Arni Sveinsson kaupmaður, Björn Pálsson ljósmyndari og Helgi Sveinsson verslunarmaður, síðar útibússtjóri Íslandsbanka í bænum.



Helgi Sveinsson.



Arni Sveinsson.

Góðtemplarahúsið. Aðalleik- og kvikmyndahús Ísafjarðar 1906-1930.



LEIKMINJASAFN ÍSLANDS

Vestfirsk leiklist

LEIKFÉLAG ÍSAFJARÐAR

Á fyrstu árum tuttugustu aldar var talsvert leikið á Ísafirði, en það var fremur óreglubundið, enda náðist ekki samstaða um stofnun leikfélags. Ýmis félög höfðu góðar teljur af leiksýningum og þeim féll ekki endilega sú tilhugsun að gróðinn yrði látinn renna til bóta á sviðsaðstöðu, vandaðri leiktjalda, búninga og sviðsmuna. Aðrir höfðu meiri metnað fyrir hönd listarinnar og vildu að betur yrði vandað til verka. Þeir skildu nauðsyn þess að stofna sjálfstætt leikfélag sem hefði vöxt og viðgang leiklistarinnar að sínu helsta markmiði.

Árið 1916 var gerð tilraun til að ná samstöðu um stofnun leikfélags á Ísafirði, en hún rann út í sandinn. Það var ekki fyrr en sex árum síðar að hugsjónamennirnir höfðu sitt fram og þeim tókst að koma á fót öflugum leikfélagi.

Leikfélag Ísafjarðar var stofnað 30. apríl 1922 og hélt næstu fjóra áratugi upp merki leiklistar í bænum. Forystumenn félagsins voru fullir kapps og metnaðar og fyrstu átta árin starfaði það af krafti. Sýningar hófust oftast seint í október eða byrjun nóvember og var yfirleitt sýnt eitt verk fyrir jól, en tvö eftir hátíðar. Sýningar á hverju verkfni voru mismargar, oftast fjórar til fimm, en gátu orðið fleiri ef aðsókn var góð. Flest voru þetta þýdd verk, gjarnan dönsk og norsk, og voru mörg þeirra gamalkunnug ísfriskum leikhúsgestum. Árið 1925 var starfsemin orðin svo umfangsmikil að rétt þótti að greiða framkvæmdastjóra sérstaka þóknar fyrir vinnu hans.

Veturinn 1927-28 var óvenju hátt ris á ísfriskum leikendum. Þá fengu þeir til sín góðan gest, Harald Björnsson, útlærdan leikara frá skóla Konunglega leikhússins í Kaupmannahöfn. Haraldur setti upp þrjár stórar sýningar eftir áramót: *Lénharð fögeta* Einars H. Kvarans, *Gjaldþrotið* eftir Björnsterne Björnson og *Galdra-Loft* Jóhanns Sigurjónssonar. Haraldur lék sjálfur Lénharð fögeta og Galdra-Loft. Næsta vetur sýndi félagið tvö verk af rómantískara taginu, *Augu ástarinnar* eftir Johan Bojer og *Kinnarholvssystur* eftir Carsten Hauch, sem hvort tveggja voru gamlir smellir úr Reykjavík. Félagið fór með *Augu ástarinnar* í leikför til Bolungarvíkur og var það fyrsta leikferð félagsins.

Tónlist var oft veigamikill þáttur í leiksýningum Leikfélags Ísafjarðar, söngur og meðleikur á hljóðfæri. Oftast léku einn eða tveir undir, en stundum hljómsveit. Þegar leikirnir *Augu ástarinnar* og *Kinnarholvssystur* voru fluttir árið 1928 lék sex manna hljómsveit með í bæði skiptin.

Að neðan: Haraldur Björnsson sem Lénharður fögeti.



Haraldur Björnsson



Ingibjörg Steinsdóttir í *Augu ástarinnar*.

Bruni Góðtemplarahússins árið 1930 var þungt högg fyrir allt leikstarf á Ísafirði. Það var mörg ár að jafna sig eftir áfallið. Menn hættu þó vitaskuld ekki að leika og fluttu sig um set yfir í annað hús góðtemplara sem stendur enn við Sölgötu. Aðstæður voru þar hins vegar ekki nógu góðar til að það gæti orðið framtíðarleikhús ísfróinga. Við hættist brottflutningur sumra þeirra sem verið höfðu atkvæðamiklir. Leikfélagið bar í raun ekki sitt barr aftur fyrr en kom fram á fimmta áratuginn þegar yngra fólk tók að láta að sér kveða.



Friðfinnur Guðjónsson í *Ímyndunarveikinni*.



Alfred Andrésson í *Allt er þá þrennt er*.



Sigrún Magnúsdóttir og Ingibjörg Steinsdóttir léku báðar miklu með Leikfélagi Ísafjarðar á þriðja áratugnum. Þær urðu síðar þjóðkunnar leikkonur og störfuðu að leiklist alla ævi.

LEIKGESTIR AÐ SUNNAN

Þrátt fyrir erfið skilyrði komu stundum frægir leikgestir úr höfuðstaðnum. Árið 1934 kom Friðfinnur Guðjónsson, einn elsti og vinsælasti gamanleikari þjóðarinnar, í heimsókn og lék aðalhlutverk í *Ímyndunarveiki* Molières. Veturinn 1936-37 birtist Alfred Andrésson, sem þá var upprennandi gamanstjarna, og lék aðalhlutverk í gamanleiknum *Allt er þá er þrennt er*, sem hafði skömmu fyrr verið sýndur við miklar vinsældir í Reykjavík. Fjórtán árum síðar kom Alfred aftur, að þessu sinni ásamt konu sinni, Ingu Þórardóttur leikkonu, og sýndi gamanleikinn *Grænu lyftuna* eftir Avery Hopwood.

Að neðan: Sigrún Magnúsdóttir í hlutverki sínu í *Lénharði fögeta*. Í bakgrunni salur Góðtemplarahússins.



LEIKMINJASAFN ÍSLANDS

Vestfirsk leiklist

ÍSÁFJÖRÐUR

BLÓMASKEIÐ

Á SJÖTTA ÁRATUGNUM

Á árunum 1935 – 1937 reistu verkafélagsfélagið Baldur og sjómanna-félag Ísafirðinga Alþjóðhúsið. Þar var skárri aðstaða en í húsi Góð-templara við Sölgötu, þó að mikið vantaði á að hún væri jafn góð og í Góðtemplarahúsinu sem brann árið 1930. Hjá eldra fólki, sem hafði starfað þar, var jafnan viðkvæðið að allt hefði verið betra í Gamla Gúttó.



Leikendur í *Bláu kápunni* 1948.

Þó að Leikfélag Ísafjarðar væri komið til sögunnar, héldu ýmis önnur félög og samtök áfram að standa fyrir leiksýningum. Merkust þeirra var eflaust sýning Sunnukórsins á óperettunni *Bláu kápunni* með tón-list eftir Walter Kollo. Hún hafði áður verið sýnd í Reykjavík og viðar um land við miklar vinsældir. Sýning Sunnukórsins hlaut einnig afþragðs undirtektir og má þá segja að óperettuöldin hafi haldið innreið sína á Vestfirði. Leikstjóri var Sigrún Magnúsdóttir og tónlistin var í höndum Ragnars H. Ragnars sem var þá nýsestur að í bænum.

Sjötti áratugurinn var mikið gróskuskeið hjá Leikfélagi Ísafjarðar. Félagið starfaði reglubundið, tók ýmis áget leikrit til meðferðar og fékk sem fyrr til sín góða gesti. Haraldur Á. Sigurðsson, dádur gamanleikari úr Reykjavík, kom til dæmis þrígvis í heimsókn, lék og leikstýrði. Þá lék Brynjólfur Jóhannesson gestaleik í *Kjarnorku* og *kvenhylli* Agnars Þórðarsonar árið 1956. Vorð 1958 setti Gunnar R. Hansen upp *Ímynd-unarveiki* Molières. Mest munaði þó um krafta Sigrúnar Magnúsdóttur sem setti upp hverja stórsýninguna á fætur annari.

Árið 1962 sýndu Leikfélag Ísafjarðar og Karlaðór Ísafjarðar í sameiningu hina vinsælu óperettu *Meyjarskemmuna*. Þetta var viðamikil sýning og þótti takast mjög vel. Hún varð þó síðasta sýning Leikfélags Ísafjarðar sem lagnaðist út af skömmu síðar.

Á ÚTLEIÐ

Enska leikritið *Á útleið* (Outward Bound) eftir Sutton Vane naut lengi mikillar hylli íslenskra áhorfenda. Það var frumsýnt í London árið 1923 og var síðar kvikmyndað. Það fer fram um borð í farþega-skipi á leið yfir úthafið og rennur smátt og smátt upp fyrir farþegunum að þeir eru allir látnir og á leið til handanheima. Leikfélag Reykjavíkur frumsýndi leikinn árið 1926 og tók hann upp tvegis næstu ár. Hann varð einnig sýndur víða um land, þar á meðal á Ísa-firði þar sem hann hefur verið sýndur þrisvar. Vera má að áhugi Íslendinga á spíritisma hafi átt nokkurn þátt í vinsældum leiksins sem er með öllu gleymdur nú.



Myndir úr sýningu Leikfélags Ísafjarðar á *Á útleið* 1927.



Að neðan: Alþjóðhúsið. Ljósmyndasafnið Ísafirði.



LEIKMINJASAFN ÍSLANDS

Vestfirsk leiklist

SIGRÚN MAGNÚSDÓTTIR FYRSTA ÓPERETTUSTJARNA ÍSLANDS



Sigrún Magnúsdóttir í hlutverki sínu í *Halsteinn og Dóra* 1931.

Sigrún Magnúsdóttir var fædd á Ísafirði árið 1904. Hún var dóttir Magnúsar Ólafssonar prentara og konu hans, Helgu Tómasdóttur. Magnús og Helga voru mikið leikáhugafólk og það var einnig bróðir Magnúsar, Halldór og hans fjölskylda. Þetta fólk var burðarásar í ísfirsku leikhúslífi á fyrri hluta aldarinnar.

Sigrún hóf ung að leika. Þegar Haraldur Björnsson kom til Ísafjarðar árið 1928 kom hann fljótt auga á hæfileika Sigrúnar og hvatti hana til leiklistarnáms. Það var úr að Sigrún hélt til Kaupmannahafnar og komst þar inn á skóla Konunglega leikhússins. Þar var hún við nám í tvö ár og útskrifaðist

árið 1930. Sigrún var því í þeim hópi íslenskra leikara sem fyrstir afla sér menntunar í faginu.

Um miðjan fjórða áratuginn hófust óperettusýningar í Reykjavík. Sigrún varð brátt aðalkvenstjarnan í þeim. Hún hafði góða söngródd, ekki mikla en bláfagra og vel fallna til óperettusöngs. Svíðsframkoman var létt og óþvinguð, enda fór svo að hún hreif hug og hjörta leikhúsgesta. Hún lék í öllum helstu óperettusýningum í Reykjavík frá 1937 til 1954.



Magnús Ólafsson sem Skrifta-Hans í *Ævintýri á gönguför*.



Halldór Ólafsson sem Jacobsen ölgerðarmaður í *Gjaldþrotinu* 1928.



Lárus Pálsson og Sigrún Magnúsdóttir í *Nitouche* eftir Hervé hjá LR, 1941.

Einna frægastur var samleikur hennar og Lárusar Pálsónar í *Nitouche* eftir Hervé sem gekk við miklar vinsældir í lónó árið 1941 og var seinna sýnd í Þjóðleikhúsinu árið 1954. Sigrún lék einnig talsvert í útvarp, auk nokkurra hlutverka í leikritum án söngs.

Árið 1954 kvaddi Sigrún höfuðborgina og hélt aftur heim á Ísafjörð. Þar bjó hún og starfaði til dauðadags árið 1981. Hún hætti að mestu að leika, en sneri sér að leikstjórn bæði á Ísafirði og í nágrennabyggðum. Hún var mikilvirkur leikstjóri árum saman og setti meðal annars upp fyrstu sýningar Litla leikklúbbsins eftir stofnun hans árið 1965.



Gjaldþrotið eftir Björnsterne Björnsson 1928. Ingibjörg Steinsdóttir sem Valborg Tjælde og Sigrún sem Signe Tjælde.



Sigrún Magnúsdóttir sem Mjallhvít í sýningu breska setuliðsins á stríðsárunum.

Einn sérstæðasti leikhúsviðburður í Reykjavík á stríðsárunum var sýning sem hermenn úr breska setuliðinu stóð fyrir á *Mjallhvíti*. Þetta mun hafa verið einhvers konar söngleiksútgáfa byggð á teiknimynd Disneys og var fyrst leikin á sviði og síðar flutt í útvarpi. Það var Sigrún sem fór með hlutverk Mjallhvítar. Í safni Sigrúnar og fjölskyldu hennar, sem varðveitt er á Héraðsskjalasafni Ísafjarðar, komu í leitirnar margar skemmtilegar myndir úr þessum viðburði. Ekki leynir sér að vel hefur farið á með soldátum og söngstjórnunni.



Sigrún Magnúsdóttir ásamt hermönnum úr breska setuliðinu við útsendingu á *Mjallhvíti*.



Úr sýningu Leikfélags Ísafjarðar á *Elsku Rut* eftir Norman Krasna, 1959. Sigrún Magnúsdóttir var leikstjóri.



LEIKMINJASAFN ÍSLANDS

Vestfirsk leiklist

LITLI LEIKKLÚBBURINN

Litli leikklúbburinn var stofnaður 24. apríl 1965. Hann tók við hlutverki Leikfélags Ísafjarðar sem hafði þá lognast út af. Yngra fólk vildi endurleisa félagið, en um það náðist ekki samstaða. Árið 1965 gekkst Æskulýðsráð Ísafjarðar fyrirýningu á leikritinu *Hans og Grétu* undir stjórn Sigrúnar Magnúsdóttur og var það sýnt í Góðtemplarahúsinu við Sólgtötu. Upp úr því var Litli leikklúbburinn stofnaður og var fyrsta leiksýningin á hans vegum barnaleikritið *Lina langsokkur* eftir Astrid Lindgren, einnig undir stjórn Sigrúnar Magnúsdóttur.



Formenn LL hafa verið þessir:

Reynir Ingason 1965-66
Guðrún Eyþórsdóttir 1966-67
Erni Ingason 1967-69
Finnur Magnússon 1969 - 1971
Guðrún Eyþórsdóttir 1970-71
Trausti Hermannsson 1972-79
Halla Sigurðardóttir 1979-1983
Sveinbjörn Björnsson 1984-1986
Halla Sigurðardóttir 1986-1989
Bára Snæfeld 1989 - 1991
Hrönn Benónýsdóttir 1991 - 1992
Baldur Trausti Hreinsson 1992 - 1993
Guðjón Ólafsson 1993 - 1994
Arni Traustason 1994 - 1995
Gerður Eðvarðsdóttir 1995 - 1996
Finnur Magnússon 1996 - 1998
Ingigerður Stefánsdóttir 1998 - 2002
Friðrik Stefánsson 2002 - 2010
Katrín Liney Jónsdóttir 2010 - 2011
Próstur Ólafsson 2011 - 2012
Steingrímur Rúnar Guðmundsson 2012 -



Litli leikklúbburinn hefur alla tíð lagt sérstaka áherslu á íslensk verk, bæði gömul og ný, sum frumflutt af klúbbnum.

Litli leikklúbburinn hefur oft sýnt góðan metnað í leikritavali. Á skrá hans má finna dramatísk verk á borð við *Söguna af Vasco* eftir Georges Schehadé (1970), *Júnó og páfuglinn* eftir Sean O'Casey (1975), *Fjalla-Eyvind* Jóhanns Sigurjónssonar (1979), *Á útleið* eftir Sutton Vane (1980), *Tobacco Road* eftir Erskine Caldwell (1985) og *Kviksand* eftir Michael Vincente Cazzo. Afþreyingarleikir hafa að vonum verið margir og höfundar þeirra ekki allir af verri endanum; þar má nefna nöfn á borð við Molière, Noel Coward, Dario Fo, Tom Stoppard, Michael Frayn og fleiri.



Aðsetur Litla Leikklúbbsins, Selið í Hnífsdal.



Hallelija eftir Jónas Árnason.



Hart í bak eftir Jökul Jakobsson.



LEIKMINJASAFN ÍSLANDS

Vestfirsk leiklist

KÓMEDÍULEIKHÚSIÐ OG ACT ALONE

Elfar Logi Hannesson hefur verið einn öflugasti leiklistarfrömuður á Vestfjörðum í einn og hálfan áratug. Hann lauk prófi frá The Commedia School í Kaupmannahöfn árið 1997 og stofnaði sama ár Kómedíuleikhúsið sem er fyrsta atvinnuleikhús Vestfjarða. Það hefur hann rekið síðan, auk þess sem hann hefur sett upp fjölmargar sýningar með áhugaleikfélögum. Frá árinu 2004 hefur hann haldið úti einleikhátíðinni ActAlone þar sem fram hefur komið mikill fjöldi bæði innlendra og erlendra gesta. Hátíðin hefur jafnan farið að mestu fram á Ísafirði, en sumarið 2012 var hún flutt til Suðureyrar og verður haldin þar næstu fimm ár.



Elfar Logi Hannesson sem Steinn Steinarr.

Elfar Logi hefur lagt sérstaka rækt við einleiksformið og samið og sýnt einleiki um ýmsa þekktar Vestfirðinga, svo sem Mugg, Stein Steinarr, Gísli Súrsson og Jón Sigurðsson.



Elfar Logi flytur *Dimmalimm*.



Elfar Logi sem Gísli Súrsson.

NOKKRIR VESTFIRSKIR LEIKHÚSMENN


Kristján Jónsson

fæddist á Vatneyri árið 1933. Hann nam í leiklistarskóla Ævars R. Kvarans og útskrifaðist 1960 frá skóla Þjóðleikhússins. Kristján var um langt árabil atkvæðamikill leikstjóri á landsbyggðinni, auk þess sem hann vann fyrir Ríkisútvarpið. Á Patreksfirði stýrði hann alls sex sýningum og á Bildudal fyrstu sýningum Baldurs eftir stofnun hans.



Guðjón Ingi Sigurðsson

fæddist á Ísafirði árið 1941. Hann lauk prófi frá leiklistarskóla Þjóðleikhússins árið 1962. Frá 1965-1970 starfaði Guðjón sem leikstjóri á vegum Bandalags íslenskra leikfélaga og á árunum 1970 til 1983 vann hann við sýningarstjórn og fleira hjá Þjóðleikhúsinu. Eftir það starfaði hann sem leikstjóri á landsbyggðinni til dauðadags. Á Vestfjörðum setti hann upp sýningar á Flateyri, Patreksfirði og Suðureyri.



Erlingur E. Halldórsson

fæddist árið 1930 á Arngerðareyri við Ísafjörðardjúp. Hann lauk stúdentsprófi frá M.R. árið 1950 og lagði síðan stund á leiklistarfræði í París og Vínarborg. Erlingur hóf starf á vegum Bandalags íslenskra leikfélaga vorið 1960 og var mikilvirkur leikstjóri víða um land árum saman. Hann var jafnan vandlátur á verkefni og má á starfskrá hans finna verk eftir skáld á borð við Molière, Strindberg, Brecht og Max Frisch. Hann starfaði mikið með vestfirskum leikfélögum, á Patreksfirði, Bildudal, Flateyri og Suðureyri. Erlingur var leikritaskáld og voru verk eftir hann leikin hjá Grímu, Leikfélagi Reykjavíkur og í Þjóðleikhúsinu. Á síðari árum var hann mikilvirkur þýðandi og ligga meðal annars eftir hann þýðingar á verkum Dantes, Chaucers og Rabelais.



ÞETTA VERÐUR EINLEIKIÐ!

ACT ALONE

LEIKLISTARHÁTÍÐ Í HÖMRUM Á ÍSAFIRÐI
27. júní - 1. júlí 2007

AÐGANGUR ÓKEYPIS



Kristján Ingimarsson

leikari flutti einleik sinn, *Mike Attack*, á Act Alone í samkomuhúsinu á Þingeyri 2006.



LEIKMINJASAFN ÍSLANDS

Vestfirsk leiklist

BOLUNGARVÍK

Þó nokkurt leikstarf var í Bolungarvík um og upp úr aldamótunum 1900. Í Ísafjarðarblöðum er greint frá bolviskum gestaleikjum á þeim árum og allmisjafnt aflátið.

Það var stúkan Harpa nr. 59 sem reisti tvö fyrstu samkomuhúsin í Bolungarvík og var helsti drifkraftur starfseminnar framan af. Af fundargerðum Ungmennafélags Bolungarvíkur, sem var stofnað árið 1907, má þó sjá að þá hefur verið starfandi leikfélag í plássinu. Er talið að það hafi lifað fram yfir 1920.




Úr sýningu á *Karlinn í kassanum* eftir Arnold & Bach, 1953.

Um miðja öldina voru það einkum Ungmennafélagið og Kvenfélagið Brautin sem stóðu fyrir leiksýningum og voru Brautarkonur þar í engu eftirbátar ungmenntafélaga. Fyrsta leiksýningin á vegum Brautarinnar fór fram veturinn 1911-12, þegar félagið var

nýstofnað, og síðar réðist félagið í uppsetningu á mörgum stórum verkefnum. Árið 1953 var í fyrsta skipti ráðinn aðkomuleikstjóri og var það Höskuldur Skagfjörð sem setti upp farsa eftir Arnold & Bach, *Karlinn í kassanum*.

Árið 1958 hófst formlegt samstarf milli Brautarinnar og Ungmennafélags Bolungarvíkur um leiksýningar og stóð það í um áratug. Var það Geir Guðmundsson sem gekkst fyrir því samstarfi.

Leikfélag Bolungarvíkur var stofnað árið 1968, starfaði í nokkur ár og setti þá meðal annars upp *Dúfnaveislu* Laxness. Á síðari hluta áttunda áratugarins hafði það hægt um sig, en um 1980 tókst að hleypa í það nýju lífi sem entist vel fram á tíunda áratuginn. Félagið lagði jafnan rækt við íslensk verkefni og má þar nefna *Delerium búónis* Jónasar og Jóns Múla Árnasonar, *Blessað barnalán* eftir Kjartan Ragnarsson, *Sildin kemur og sildin fer* eftir Þónni og Kristínu Steindætur og *Ástin sigrar* eftir Ólaf Hauk Simonarson.



Félagsheimili Bolungarvíkur

var tekið í notkun árið 1952 og var það fyrsta félagsheimili landsins sem var byggt fyrir fé úr Félagsheimilasyðði. Miklar endurbætur hafa verið gerðar á því síðustu ár og er aðstaða þar nú öll til fyrirmyndar. Vorið 2012 var leikstarf endurvakið eftir margra ára þyrnirósarsvefn með sýningu á brúðkaupsleik Árna Íbsens *Að eilífu* sem hlaut góðar viðtökur áhorfenda.



Úr sýningu á *Systur Mariu* eftir Charlottu Hastings, 1958.



Skugga-Sveinn Bolungarvíkur

Ýmsir staðir á Íslandi stáðu af einum leikara sem þótti öðrum betur fallinn til þess að leika hálftröllíð Skugga-Svein í þjóðarleik Matthíasar Jochumssonar. Bolungarvík átti einn slíkan sem var Guðmundur Eyjólfsson sjómáður. Hann lék Skugga fyrst árið 1907 og síðast réttíri hálfri öld síðar, þá sjötíu og sjö ára gamall. Þá hafði hann að eigin sögn leikið hlutverkið 60-70 sinnum.



Gunnar R. Hansen (1901 - 1964)

var danskur en telst einn af merkustu leikstjórum íslenskrar leiklistarsögu. Á árunum eftir 1950 átti hann öðrum meiri þátt í endurreisn Leikfélags Reykjavíkur. Hann starfaði einnig talsvert úti á landi og setti þar upp rómaðar sýningar. Á Bolungarvík setti hann upp *Systur Mariu* eftir Charlotte Hastings, *Gullna hlíði* eftir Davíð Stefánsson og þýska gamanleikinn *Ástin í feluleik* eftir Karl Wittlinger. Hér að ofan má sjá Gunnar leiðbeina englum og sáluhólpnum í *Gullna hlíðinu*.



LEIKMINJASAFN ÍSLANDS

Vestfirsk leiklist

FLATEYRI

Á Flateyri var stofnað Sjonleikafélag árið 1895 og er það ein fyrsta tilraun til félagsstarfs á staðnum. Mikill kraftur var þá í atvinnulífi Flateyrar og eðlilegt að menn stytstu sér stundir við sjónleikahald. Í lögum félagsins var meðal annars það ákveðið að ef menn mættu of seint á æfingar eða mættu drukkinnir skyldu þeir greiða kr. 10 í sekt. Á þeim árum var vikukaup fullgildis kaupmanns að sumrinu kr. 12 og því eins gott að brjóta ekki ákvæðið. Affélaginu fara ekki miklar sögur, en þó mun það hafa starfað í nokkur ár.



Samkomuhús var reist á Flateyri á árunum 1936 til 37 og jókst leikstarf aftur með tilkomu þess. Leikfélag var þó ekki stofnað á staðnum fyrr en í ársbyrjun 1964. Að stofnun þess stóðu Kvenfélagið Brynja, Slysavarnardeild kvenna og Karla, Verkalyðsfélagið Skjöldur og Íþróttafélagið Greittir. Brynja og Greittir höfðu skömmu áður sett upp í sameiningu gamanleikinn *Pétur kemur heim* eftir Leslie Sands árið 1962 undir leikstjórn Erlings E. Halldórssonar. Erlingur setti einnig upp fyrstu leiksyningar Leikfélagsins, *Svört á brún* eftir Philip King og *Biedermann og brennuvargarnir* eftir Max Frisch.

Um 1980 blésu menn nýju lífi í starf leikfélagsins og var það í blóma næstu tuttugu ár. Meðal helstu verkefna voru *Gísl* eftir Brendan Behan, *Stundarfriður* Guðmundar Steinssonar, *Saumastofa* Kjartans Ragnarssonar, *Heill sé þér þorskur* eftir Guðrúnu Ásmundsdóttur, *Ég hef lifað í þúsund ár* eftir Brynju Benediktis-dóttur undir leikstjórn Eyvindar Erlendssonar og *Randaflugur* eftir Iðunni og Kristínu Steinsdætur.



Úr sýningu á *Ég hef lifað í þúsund ár* eftir Brynju Benediktis-dóttur.




SUÐUREYRI VIÐ SÚGANDAFJÖRÐ

Leikfélag var fyrst stofnað á Suðureyri árið 1916 og starfaði af dagnaði næstu ár, enda leikendur margir á staðnum. Verkefnavalið var hefðbundið í anda tímans: *Skugga-Sveinn*, *Ávintýri á gönguför*, *Upp til selja*, *Apakötturinn* og *Nei-íð* eru nefnd meðal helstu verkefna. Eftir nokkurra ára starf lögnaðist félagið út af er ýmsir helstu leikenda fluttu burt.



Tvö helstu félög Suðureyrar voru um áraaðir Íþróttafélagið Stefnir og kvenfélagið Ársól. Þessi tvö félög stóðu oft að leiksyningum, stundum í sitt hvoru lagi, en stundum saman. Samkomuhús var reist á Suðureyri árið 1915, en það fauk í ofsavæðri árið 1924 og skemmdist mjög. Það var þó strax endurreist og stækkað síðar, fyrst árið 1937 og aftur um miðja öldina er það komst í þá mynd sem nú er á því.

Það var ekki fyrr en árið 1965 að Ársól og Stefnir lögðust í sameiningu á áramnar af fullum þunga. Þá var stofnað leikfélag sem var nefnt Leikfélag Ársólar og Stefnis (LÁS). Var stjórnin skipuð þremur fulltrúum frá báðum félögum. Félag þetta starfaði af krafti í nokkur ár, en þegar kom fram á áttunda áratuginn dofnadi yfir því. Verkefnavalið var oftast af léttara tagi, en félagið lagði kapp á að fá til sín reynda leikhúsmenn sem leikstjóra; má þar nefna fólk eins og Sigrúnu Magnúsdóttur, Guðjón Inga Sigurðsson, Einar Frey og Erling E. Halldórsson.



Á árunum 1979 til 1981 var leikstarfi á Suðureyri haldið uppi af félögum í Stefni einum og var þar þá komið á fót sérstakri leikdeild sem bar nafnið Hallvarður Súgandi í höfuðið á landnámsmanninum. Meðal verkefna þau árin var *Sjáleidið til Bagdad* eftir Jökul Jakobsson. Árið 1982 var ákveðið að breyta leikdeildinni í sjálfstætt leikfélag og var *Höfuðbólið* og *hjáleigan* eftir Sigurð Róbertsson fyrsta verkefni hennar. Félagið var virkt næstu ár, en þá dró úr því. Árið 1998 var Hallvarður Súgandi endur-reistur og hefur starfað síðan, að visu nokkuð glöppótt síðari árin. Árið 2007 stóð Hallvarður Súgandi fyrir stórrí sýningu á *Galdrakarlinum* í Oz undir leikstjórn Rúnars Guðbrands-sonar og varð gerð heimildamynd um það ávintýri.



Frá árinu 2011 er leiklistarhátíðin Act Alone haldin í Suðureyri með ferðagjöfnustufyrirtækið Fisherman sem aðalbakhjarl.



Jón Kristjánsson – Jón Kitt –

var einn vinsælasti gamanleikari og vísnaðingvari Suðureyrar um langt árabíll. Um hann segir svo í *Súgfirðingabók* Gunnars M. Magnúss: „Á sama hátt og þorskurinn upp úr sjónum hefur verið undirstaða og gleðigjafi efnahagslífins til framfara og velmegunar, svo hefur háðfuglinn lyft kynslóðinni á flug með sér. Hæst hefur risið á honum verið þegar hann hefur stigið upp á pallinn, klæddur í kjól og hvítt, með sjakketstél og pipuhatt á höfði og leitt sóknarprestinn sér við hljóð að hljóðfærinu.“ Jóhannes Pálmason leikur á hljóðfærið.

Kristján Guðmundsson bakari

var ein aðaldrifffjöldur Leikfélags Flateyrar allt frá stofnun þess. Kristján, sem var frá Patreksfirði, tók virkan þátt í félagsstarfi á Flateyri, einkum leikstarfi. Hann þótti frábærgamanleikari og voru Þorsteinn matgoggur í *Pilti og stúlka*, Lárus Lýsól í *Rjúkandi ráði* og glímukappinn í *Biedermann og brennuvargarnir* taldir helstu hátíðina á ferlinum. Kristján féll frá á besta aldri og dofnadi mjög yfir leikstarfi á Flateyri fyrst eftir andlát hans.



LEIKMINJASAFN ÍSLANDS

Vestfirsk leiklist

ÞINGEYRI



Vertshúsið á Þingeyri.

og taldi sjálfsagt að gera það einnig á Þingeyri – eins þótt stærðarhlutföll í húsunum væru nokkuð ólík.

Árið 1939 var gott samkomuhús reist á Þingeyri. Að byggingu þess stóðu helstu félög staðarins. Sviðsaðstaðan var síðar bætt með viðbyggingu í kringum 1960. Þá var stofnað leikfélag sem varð ekki langlíft. Einn af helstu drifkraftum á þessum árum var Þorgeir Jónsson læknir, auk þess sem séra Stefán Eggertsson lagði leikahugafólki gott lið. Ekki virðast miklar heimildir hafa varðveist um þetta starf, en þó er vitað um þrjú leikrit sem þá voru leikin: *Skyggna vinnukonan*, *Frænka Charleys* og *Ævintýri á gönguför*. Var *Ævintýrið* sýnt 11 sinnum árið 1959 sem var övenju mikið. Mjög mun hafa dregið úr leikstarfi á Þingeyri eftir að Þorgeir flutti þaðan árið 1965.

Á síðari árum hefur lifnað yfir leikstarfinu á ný og er það einkum Íþróttafélagið Höfningur sem hefur beitt sér fyrir þeirri vakningu.

Í Haukadal við Dýrafjörð var reist lítið samkomuhús á fyrri hluta síðustu aldar, þegar byggð var meiri á staðnum. Þetta hús er nú í eigu Elfars Loga Hannessonar leikara og konu hans Marsibíl Kristjánsdóttur og hafa þau staðið fyrir myndlistar- og leik-sýningum þar mörg undanfarin sumur.



Fyrst mun hafa verið leikið á Þingeyri í svonefndu Vertshúsi. Húsið, sem var reist árið 1881 og stendur enn, var nefnt Hótel Niagara. Á Þingeyri hentu menn lengi gaman að finni frú á staðnum sem hafði mætt með leikhúsklíki á sýningu. Frúin vissi að slíkt tiðkaðist í Konunglega leikhúsinu í Kaupmannahöfn



Þorgeir Jónsson.



Sr. Stefán Eggertsson.



Úr sýningu á *Ævintýri á gönguför* eftir Hostrup, 1959.

Að neðan: Samkomuhúsið í Haukadal við Dýrafjörð.



NORÐAN FJARÐAR

Í sveitunum norðan fjarðar var einnig oft leikið fyrr á árum og þá mest í Núpsskóla. Meðal leikrita sem þar voru sett á svið má nefna leikgerð eftir *Manni og konu* Jóns Thoroddsens og gamanleikinn *Grænu lyftuna* eftir Avery Hopwood. Það var þjóðkunn leikkona, Inga Þórðardóttir, sem kom vestur og setti *Grænu lyftuna* á svið. Á Ingaldssandi var einnig leikið á vegum Ungmennafélagsins Vorblóms í samkomuhúsi sveitarinnar, Vonalandi.

LEIKDANSARNIR GÖMLU Á VESTFJÖRÐUM

Íslendingar voru leikhúslaus þjóð öldum saman. Þar með er ekki sagt að leikþörfin hafi ekki brotist fram með ýmsum hætti. Í leikdönsunum gömlu, vikivökum og sagnadönsunum, sem lifðu um aldaðir, fóru menn í hlutverk og jafnvel sérstök leikgervi og höfðu í frammí ýmis leikræn tilþrif.

Traustar heimildir votta að leikdansar, eða gleðir eins og þær voru gjarnan nefndar, voru enn við lýði í Dýrafirði um og eftir miðja átjándu öld. Um það leyti voru stjórnmöld í herferð gegn þessu skemmtanahaldi, enda þótti lausung og ýmiss ólíflaður dafna í skjóli þess. Fór að lokum svo að danshefðin var upprætt með öllu. Vel má vera að Vestfirðingar hafi verið öðrum tregari til að gefa hana upp á bátinn og notið þar erfiðra samgangna og fjarlægðar frá höfuðstöðvum hins andlega og veraldlega valds í landinu.

Frásagnir eru um gleðir á Sæbóli á Ingaldssandi og á Þingeyri. Þórdís Jónsdóttir, móðir Jóns Sigurðssonar forseta, var prestsdóttir frá Söndum í Dýrafirði. Til er frásögn hennar af Hoffinsleik sem var einn hinna gömlu gleðileikja, hjá verslunarstjóranum á Þingeyri einhvern tímann laust fyrir aldamótin 1800.

Í Veturlandafjalli í Stapadal við Arnarfjörð er klettadrangur sem heitir Háa-Þóra. Herma sögur að hann sé tröll sem dagað hafi þar uppi. Forynjan Háa-Þóra er þekkt persóna úr gömlu gleðileikjunum þar sem einn þátttakenda brá sér í gervi hennar og lék með tilþrifum. Því bendir nafnið til að Háu-Þóru-leikurinn hafi verið iðkaður í Stapadal og grannbyggðum.



LEIKMINJASAFN ÍSLANDS

Vestfirsk leiklist

THORODDSEN OG KAMBAN Í KETILDÖLUM



Jón Thoroddsen.

Í Ketildölum á suðurströnd Arnarfjarðar voru tvö ungmennafélög, Skjöldur í Selárdal og Morgunn í Bakkadal. Um 1930 reistu félögin samkomuhús sem jafnframt voru barnaskólar. Þar var blómlegt félags- og leikstarf fram undir miðja öldina þegar fólksflóttinn brast á af fullum þunga.

Meðal þess sem var sett á svið í Selárdal var frumsamin leikgerð eftir *Manni og konu* Jóns Thoroddsens. Saga Jóns er sprottin upp úr vestfirskum jarðvegi að miklu leyti og ýmsar persónur hennar taldar byggðar á raunverulegum fyrirmyndum við Breiðafjörð og Arnarfjörð.



Guðmundur Kamban.

Guðmundur Kamban var ásamt Jóhanni Sigurjónssyni fremsta leikskáld Íslendinga á fyrri hluta síðustu aldar. Guðmundur var alinn upp á Bakka í Bakkadal, sem er einn Ketildala. Þar var fyrsta leikrit hans, sem vítað er um, leikið í fiskihúsi Jóns, föður hans, sem var mikill athafnamaður á staðnum. Leikritið hét *Svikamyllan* og fjallaði á lítt dulbúinn hátt um viðkvæm ástamál á Fífustaðahemilinu, einu helsta heimili sveitarinnar. Mun Fífustaðafólki hafa verið lítt skemmt við þetta upptæki hins unga skáldmennis.

Leikritið nefndist *Mátulega komið* og var það frumsýnt í stofunni í Selárdal á þrettándanum 1913. Þetta var fjögurra tíma verk, enda sviðskipti tíu við fátæklegar aðstæður. Leikurinn fékk frábærar viðtökur og var sýndur víða næstu ár, þar á meðal á Bíldudal. Hann var síðast sýndur í Selárdal árið 1927.



Móður og kona eftir Jón Thoroddsen hjá LR 1933. Valdemar Helgason sem Hjalmar tuddi, Gunnþórunn Halldórsdóttir sem Staðar-Gunna og Brynjólfur Jóhannesson sem séra Sigvaldi.



Samkomuhús Ungmennafélagsins Morgunn í Bakkadal.

Ekki hefur mikið verið leikið í Ketildölum síðustu áratugi. Þó bar það við sumarið 2012 að Elfar Logi Hannesson steig þar á svið í Brautarholti, bæ listamannsins Samúels Jónssonar sem er nú verið að endurreisa. Elfar Logi flutti þar einleik sinn frumsamin um þennan listenska alþýðumann sem bar á sinn sérstæða hátt ofurlítið bragð af heimsmenningunni upp á kaldranalega strönd heimabyggðarinnar.



Elfar Logi Hannesson frumflytur einleik sinn *Listamaðurinn með barnshjartað* í Selárdal sumarið 2012.



LEIKMINJASAFN ÍSLANDS

Vestfirsk leiklist

BÍLDUDALUR

Á dögum Péturs Thorsteinssonar í kringum aldamótin 1900 var Bíldudalur eitt mesta uppgangspláss landsins. Fer þar fyrst sögum af leiksýningum um miðjan tíunda áratug nítjándu aldar og á næstu árum starfaði þar leikfélag. Ásgrímur Jónsson listmálari var þar tvö ár fyrir aldamót og segir frá því í endurminningum sínum að hann hafi málað fortjald fyrir leiksýningu. Nokkru síðar var Þorsteinn skáld Erlingsson ráðinn ritstjóri *Arnfríðings*, sem Pétur Thorsteinsson gaf út, og kom hann einnig að leikstarfi þann tíma sem hann var á staðnum.



Skjaldhamrar eftir Jónas Árnason 1978. Margrét Friðriksdóttir og Hannes Friðriksson í hlutverkum sínum.

Í málfundafélögum og stúkum var oft rætt um leikstarfið og jafnvel borin fram hispurslaus gagnrýni á einstaka leikendur. Hér er sýnishorn úr dómi um *Skugga-Svein*:

„Sveinn gamli er dável leikinn af Magnúsi Jónssyni. Það þarf talsvert þol og lipurð til að halda vel þeim rómi og berserksgangi sem Sveinn gamli er í gegnum allan leikinn, en ekki fatast Magnúsi það neitt, enda hefur hann sýnt það áður, að hann getur veitt góða skemmtun á leiksviði. Ketill er líka dável leikinn af alveg óvönnum manni, en það vill henda hann að tala of hratt. Undrandi er ég á leikfélaginu að láta hlutverk Ögmundar í hendur manns, sem greinilega hafði ekkert í það að gera. Í höndum þessa manns verður hann að hálfsofandi viðundri og orð heyrast rétt á stangli. Haraldur er vel leikinn, talar þó heldur hratt. Það er liðlegur drengur á leiksviði, sem getur vel sýnt ýmsar geðbreytingar. Ásta, dóttir Sigurðar í Dal, er hvergi nærri vel leikin. Þessar fettur og brettur og óhemjulega tilgerð á ekki við Ástu. Þetta átti mikið betur við hálfmenntaða tísku stúlkú úr Reykjavík.“



Allir í verkfalli eftir Duncan Greenwood 1970. F.v. Guðbjörg Kristinsdóttir, Örn Gíslason og Theódór Bjarnason. Fremst situr Hannes Friðriksson.



Guðmundur Sigurðsson bálari.



Guðmunda Magnúsdóttir.



Magnús Jónsson. (Mangi í smíðjunni).

Leikstarf Bílddælinga hefur frá upphafi notið góðs af kröftum snjallra leikenda sem aldrei töldu eftir sér sporin á sviðinu. Þeir veittu samferðamönnum sínum ótal ánægjustundir í leikhúsum sem ekki voru alltaf háþróað á mælikvarða nútímans.

Núverandi samkomuhúð Bílddælinga, Baldurshagi, reis af grunni árið 1945. Það var nefnt eftir eldra húsi þar sem fyrr var leikið. Næstu ár var það einkum Kvinnadeild Slysavarnafélags Íslands sem hélt uppi leikstarfinu. Var Leikfélagið Baldur svo stofnað árið 1965 og hélt uppi öflugri starfi í rúma þrjá áratugi. Baldur var á blómaskeiði sínu eitt metnaðaríyllsta leikfélag landsins og átti á að skipa fjölmennum hópi trausta leikenda og annarra liðsmanna. Það fór margsinnis í leikferðir um Vestfirði



Gamli Baldurshagi. Teikning Hafliði Magnússon.



Oddur Björnsson.

Hafliði Magnússon (1935-2011)

var afkastamikill rithöfundur og samdi mörgleikrit sem voru flutt á Bíldudal og víðar. Meðal helstu samverkamanna hans á þeim akri voru Pétur Bjarnason skólustjóri og Ástvaldur Jónsson tónlistarmaður.



Ottó Valdimarsson og Elfar Logi Hannesson í hlutverkum sínum í *Jóhlnfi* eftir Odd Björnsson.



LEIKMINJASAFN ÍSLANDS

Vestfirsk leiklist

PATREKSFJÖRÐUR

Leikstarf hófst snemma á Patreksfirði. Heimild er um leikfélag á staðnum árið 1899 og virðist Ólafur Jóhannesson faktor, sem varð síðar kaupmaður og stór-útgerðarmaður á staðnum, einkum hafa staðið fyrir því. Hann mun einnig hafa samið leikritið *Bústólpinn* sem var leikið í fiskihúsi á Vatnseyrarodda. Það vakti mikla athygli þar sem í því var aðallega fjallað um bændur í nærsveitum og ýmsar þekktar persónur teknar fyrir. Svo virðist sem það hafi verið yngri fólk tilheyrandi heldri stétt á staðnum sem hélt þessu starfi uppi. Aldamótaárið var reist samkomuhús með sviði og mun það hafa verið vel búið eftir því sem þá gerðist.

Árið 1935 var samkomuhúsið Skjaldborg tekið í notkun. Á næstu árum voru mörg leikrit sett á sviði og var Slysavarnardeildin Unnur iðin við að halda sjónleiki til styrktar ýmsum þjóðþrifa-málum í byggðarlaginu.

Leikfélag Patreksfjarðar var stofnað árið 1967. Aðdragandinn að stofnun þess var að skömmu fyrr höfðu Unnur og Íþróttafélagið Hörður staðið hvort að sinni sýningunni. Unnur setti upp *Delerium Búbónis* sem Einar Freyr leikstýrði og Höskuldur Skagfjörð setti upp sakamála-leikinn *Gildruna*. Það var í fyrsta skipti sem reyndir leikstjórar voru fengnir til að setja upp sýningar á staðnum. Þetta kveikti með mönnum áhuga að stofna leikfélag. Var fyrsta verkefni hins nýja félags enskur gamanleikur, *Snjómaðurinn*, undir leikstjórn Kristjáns Jónssonar.

Á næstu árum starfaði félagið af miklum dugnaði. Eins og önnur leikfélag á svæðinu fór það oft í leikferðir til nágrannabyggða, jafnt suður yfir Breiðafjörð sem á norðurfirðina. Leikritaval var lengst af fremur létt, en þó kom fyrir að ráðist var í drama-tískari viðfangsefni, til dæmis var hjónabandsdrama Guðmundar Kambans *Vér morðingjar* sýnt á tuttugu ára afmælinu 1987 og *Svartfugl*, leikgerð Brietar Héðinsdóttur á skáldsögu Gunnars Gunnarssonar, árið 1991. Það efnisval var nærtækt, þar sem söguvið *Svartfugls* er nágrannabyggðin Rauðisandur.


Í sveitunum sunnan Patreksfjarðar var mikið leikið á árum áður í Örlygs-höfn er samkomuhúsið Fagrihvammur og voru þar sett á svið ýmis leikrit. Starfið var sérlega liflegt á þeim árum er séra Grímur Grímsson var prestur í Sauðlauksdal, en hann var mikill áhugamaður um leiklist.



Leikfélag Patreksfjarðar sýndi *Línu Langsokk* eftir Astrid Lindgren 2006.



Ólafur Jóhannesson faktor.



TÁLKNAFJÖRÐUR



Litli Kláus og Stóri Kláus eftir H. C. Andersen.



Útileikhús hjá Ungmennafélagi Tálknafjarðar.



Sólsetur eftir Sólveigu Traustadóttur.

Leikfélag hefur aldrei starfað á Tálknafirði svo kunnugt sé. Þar er stutt að fara til tveggja nágranna-byggða, Patreksfjarðar og Bíldudals sem bæði státa af langri leikhefð. Má vera að það hafi dregið úr framtakssemi Tálkn-firðinga í þessum efnun. Á árunum 1929 til 1935 var reist þar samkomuhús sem síðar fékk nafnið Dunhagi. Talsverð félags-leg vakning varð á Tálknafirði á sjöunda og áttunda áratugnum og var þar einna fremst í flokki kvenfélagið Harpa sem var stofnað árið 1962. Það var þó ekki fyrr en árið 1990 að leiklistardeild var stofnuð innan Ungmennafélags Tálknafjarðar. Hún hélt uppi góðri starfsemi í um áratug, en hefur nú legið niðri um allmörg ár.



Varðskip Landhelgisgæslunnar voru löngum á sveimi út fyrir Vestfjörðum. Tölduyfirmenn Gæslunnar ekki alltaf eftir sérað kippa upp farandleikurum á leið milli plássna og löngu þeir með því sinn skerf til öflugs menningarlífs í landsfjórðungnum.

Hér er varðskipið Þór í Ísafjarðarhöfn. Mynd frá Ljósmyndasafni Ísafjarðar.



LEIKMINJASAFN ÍSLANDS